



Borgarráð

### **Umsögn um tillögu borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um kynningu á málefnum Grensásvegur 12**

Á fundi borgarráðs þann 7. febrúar sl. var svohljóðandi tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

*„Lagt er til að fram fari kynning á málefnum Grensásvegur 12 á næsta fundi borgarráðs, í ljósi þess að riftun kaupsamnings hefur nú farið fram. Forsaga málsins er sú að borgarráð samþykkti í septembermánuði árið 2017 að heimila SEA kaup á fasteigninni við Grensásveg 12, fyrir 785 m.kr., undir 24 félagslegar íbúðir. Samkvæmt samningi átti að afhenda íbúðirnar þann 1. apríl 2018. Tveimur mánuðum síðar setti Vinnueftirlitið bann við vinnu á staðnum, en eftirlitsheimsókn leiddi í ljós að aðbúnaður var síður en svo í samræmi við vinnuverndarlögin. Í maímánuði sl. var svo greint frá því að asbest hafi verið fjarlægð úr húsinu, án þess að sótt hefði verið um tilskilin leyfi og viðeigandi hlífðarbúnaður væri til staðar. Á borgarráðsfundi í dag var aflétt trúnaði um riftun kaupsamningsins af hálfu Reykjavíkurborgar. Athygli vekur að riftun samningsins, sem er undirritaður af borgarstjóra sjálfum, Degi B. Eggertssyni, var ekki gerð á grundvelli aðstæðna á vinnustað, heldur vegna tafa á verkinu. En vafi leikur á lögmæti slíkrar riftunar enda hefur henni verið mótmælt. Með hliðsjón af framanrituðu vekur það furðu að ákvæði um keðjuábyrgð, sem samþykkt var í innkaupráði hinn 29. apríl 2016, skuli ekki vera inni í umræddum samningi. Ákvæðið, sem á við um útboðsgögn og verksamninga Reykjavíkurborgar, kveður á um að sýni verktaki ekki fram á að farið sé eftir löggjöf á sviði vinnuverndar geti Reykjavíkurborgar rift verksamningi. Ljóst er á þessu að málið er klúður frá upphafi til enda og þarfnast frekari skoðunar við.“*

Óskað var eftir umsögn skrifstofu eigna og atvinnuþróunar um tillöguna.

Með kaupsamningi, dags. 11. október 2017, keypti Reykjavíkurborg 24 íbúðir í fasteigninni Grensásvegur 12, með fasteignanúmerið F225-7260. Samkvæmt kaupsamningum er fest kaup á fasteigninni ásamt viðbótum, breytingum og öllu er eigninni fylgir og fylgja ber, þar með talin tilheyrandi hlutdeild í sameign og leigulóðarréttindum. Íbúðunum átti seljandi að fullbúnum. Hér eru um að ræða hefðbundin fasteignakaup sem lúta lögum um fasteignakaup nr. 40/2002 og falla slík kaup utan gildissvið laga um opinber innkaup nr. 120/2016 og innkaupareglna Reykjavíkurborgar.

Þar sem um hefðbundin fasteignakaup er að ræða inni hélt kaupsamningurinn ekki ákvæði um keðjuábyrgð, sem samþykkt var í innkauparáði þann 29. apríl 2016. Af sömu ástæðu hafði Reykjavíkurborg enga aðkomu að samningum sem seljandi gerði við verktaka um nýsmíði og breytingum sem gera þurfti á fasteigninni og hafði þar með engin úrræði til að grípa inn í eða rifta samningum á grundvelli óviðunandi vinnuaðstæðna.

Seljandi hefur stefnt Reykjavíkurborg til greiðslu kaupsamningsgreiðslu nr. 2. Reykjavíkurborg mun taka til varna og gagnstefna til viðurkenningar á riftun kaupsamningsins. Þar með er ljóst að málið verður útkljáð fyrir dómstólum og er ekki tímabært að fram fari kynning á málefnum Grensásvegur 12 að svo stöddu, en gert er ráð fyrir að borgarlögmaður muni kynna niðurstöðu dómsmálsins þegar hún liggur fyrir.

Óli Jón Hertervig